



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

**Efni: Tillaga að Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2019.**

Á haustþingi SSV 2015 var þeim tilmælum beint til stjórnar SSV að unnin yrði sérstök samgönguáætlun fyrir Vesturland. Stjórn SSV samþykkti að skipa vinnuhóp til að vinna að áætluninni á fundi sínum 25 nóvember 2015. Vinnuhópurinn tók til starfa snemma árs 2016 og hélt alls fimm fundi frá marsmánuði og fram í september.

Í vinnuhópnum sátu sjö fulltrúar, sex þeirra voru tilnefndir af sveitarfélögum á Vesturlandi en stjórn SSV skipaði formann án tilnefningar. Eftirtaldir fulltrúar sátu í hópnum: Gísli Gíslason hafnarstjóri, formaður, Eyþór Garðarsson Grundarfirði, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Eyþór Gíslason Dalabyggð, Halldór Jónsson Akranesi, Björgvin Helgason Hvalfjarðarsveit og Bjarki Þorsteinsson Borgarbyggð.

Tillaga vinnuhópsins að samgönguáætlun var lögð fram á haustþingi SSV 2016 og fylgdi formaður Gísli Gíslason henni úr hlaði. Skýrslan fór síðar til umfjöllunar í nefnd um samgöngumál á þinginu. Niðurstaða nefndarinnar var að leggja til að tillagan yrði send sveitarfélögum á Vesturlandi til umsagnar og hún síðan tekin fyrir á fundi stjórnar SSV að fengnum umsögnum. Haustþingið samþykkt tillögu samgöngunefndar samhljóða.

Vegna þessa er hér með óskað eftir því að sveitarfélög á Vesturlandi veiti stjórn SSV umsögn um tillögu að Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029. Vinsamlegast sendið umsögnina á netfangið [pall@ssv.is](mailto:pall@ssv.is). Umsagnarfrestur er til 10.nóvember 2016.

Borgarnesi 11.10 2016

Með vinsemd og virðingu

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV